



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Brottfall laga um Bankasýslu ríkisins FJR24060017
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	13. júní 2024

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.

Svo sem kom fram í yfirlýsingu formanna stjórnarflokkanna þar um hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um að leggja niður Bankasýslu ríkisins, með þeim rökum að hlutverk hennar og verkefni hafi breyst svo frá því stofnuninni var komið á fót að verkefnum sé betur komið fyrir hjá miðlægri starfsteymi innan fjármála- og efnahagsráðuneytis. Er það sama fyrirkomulag og við aðra stýringu eignarhluta ríkis í félögum og fyrirtækjum. Frummat gerir ráð fyrir að fjárhagsleg áhrif verði einhver til lækkunar, þar sem ekki mun þurfa að afla sérstaks húsnæðis fyrir stofnunina og starfskraftar sem fyrir eru innan ráðuneytis munu nýtast.

- a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?

Aðallega hefur verið litið til fyrri kostnaðar við rekstur Bankasýslu ríkisins, eins og hann birtist í ríkisreikningi, auk þess sem lagt hefur verið mat á að hvaða marki er þörf á að fjölga starfsfólki innan fjármála- og efnahagsráðuneytis við að verkefni stofnunarinnar flytjist þangað.

- b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.

Forsendurnar eru annars vegar kostnaður við rekstur Bankasýslu ríkisins og hins vegar að hvaða marki kostnaður við rekstur ráðuneytisins eykst með auknum verkefnum. Lítil óvissa er um kostnað við rekstur Bankasýslunnar. Óljósara er að hvaða marki kostnaður ráðuneytisins mun aukast með auknum verkefnum. Það mun ráðast af því að hvaða marki er nauðsynlegt að fjölga starfsfólki. Á þessu stigi er gert ráð fyrir að þurfa muni einn til tvo sérfræðinga með verkefnum.

- c) eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?

Varanleg, þar sem Bankasýslan verður endanlega lögð niður og verkefni flutt til ráðuneytisins hvar þau verða þar til ákvörðun verður tekin um annað og þau eru til staðar.

- d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun.

Horft er til núverandi kostnaðar við rekstur Bankasýslunnar og gert verður ráð fyrir samlegðaráhrifum sem munu leiða til lægri kostnaðar.

- e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.

Breytingin hefur engin áhrif á tekjuhlið og óverulega áhrif á gjaldahlið. Áætlað er að hluti af núverandi kostnaði Bankasýslunnar flytjist til ráðuneytisins.

2. Tekjubreytingar.

Engar breytingar.

3. Útgjaldabreytingar.

Kostnaður við rekstur Bankasýslunnar var 92 milljónir árið 2023. Þar af var launakostnaður 51,4 milljónir. Ekki verður áfram þörf á sérstakri stjórn, eins og hefur verið fyrir Bankasýslunni. Áætlað er að aukin gjöld samhliða verkefnum hjá ráðuneytinu geti numið frá átján til fjörutíu milljónum, en þá er gert ráð fyrir að fjölga þurfi starfsmönnum um allt að tvo og haldið verði í gildandi fyrirkomulag um að valnefnd tilnefni aðila fyrir hönd ríkisins í stjórnir fjármálafyrirtækja.

4. Eignabreytingar.

Engar breytingar.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.

Verði frumvarpið að lögum mun fjármála- og efnahagsráðherra fara með eignarhlut ríkisins í þeim félögum hvar Bankasýslunni var áður falið það hlutverk, sbr. 43. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.

Á ekki við.

- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.

Á ekki við.

- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.

Á ekki við.

- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.

Stýring eignarhluta ríkis í fjármálafyrirtækjum verður í höndum starfsteymis innan ráðuneytisins. Er það í samræmi við það fyrirkomulag sem víðast tíðkast innan OECD.

- f) Opinber innkaup og útboð.

Á ekki við.

- g) Eignaumsýsla ríkisins.

Verkefni verða innan ráðuneytisins.

- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Á ekki við.

- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

Á ekki við.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

- a) í gildandi fjárlögum

Já.

- b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs

Já.

- c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

Já.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Að því marki sem aukin útgjöld kunna að fylgja verkefnum sem flytjast til ráðuneytisins er gert ráð fyrir tilfærslu fjármuna.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.

Á ekki við.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?

Á ekki við.

3. Samkeppnisskilyrði.

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).

Á ekki við.

- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).

Á ekki við.

- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).

Á ekki við.

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

Á ekki við.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Engin.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

Engin.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

Engin..

4. Áhrif á byggðalög.

Engin.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Engin.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Engin.

7. Áhrif a lýðheilsu.

Engin.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Engin.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Engin.

10. Áhrif á stjórnslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Fjármála- og efnahagsráðherra fer þegar með eignarhlut ríkisins í á fimmta tug féлага, svo talið er að ráðuneytið sé vel í stakk búið til að taka við viðbótarverkefnum án mikils aðlögunartíma.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélags hópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Engin.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Engin

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Gert er ráð fyrir að til lengri tíma muni ráðstöfunin fela í sér hagræði fyrir ríkissjóð sem birtist í lægri kostnaði. Á ársgrundvelli er miðað við að það geti orðið um það bil fimmtíu til níutíu milljónir.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Á ekki við.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Afleiðingar af samþykkt frumvarpsins fyrir almannahagsmuni og helstu hagsmunaaðila eru almennt taldar jákvæðar þar sem meðferð eignarhalds ríkisins á fjármálaafyrirtækjum verður komið fyrir með sama hætti og annarra eignarhluta í félögum. Með því er stefnt að því að efla traust og trúverðugleika ríkisins sem eiganda eignarhluta í félögum.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?